

Fréttabréf ÍRA



2. ÁRGANGUR

9. TÖLUBLAD

SEPTEMBER 1980.


Að taka þátt í keppni eða ekki, það er spurningin. Þeir eru margir sem kunna ekkert betra ráð í keppni en að loka stöðinni. Það er skiljanlegt, því keppni á amatörböndunum má líkja við rallakstur á þjóðvegunum. Hann á ekki mjög vel við helgar ferð fjölskyldunnar.

Sumir hafa þó ekki lokað alveg og tekið þátt á "if you can't beat them join them" grundvelli og fundið út að þetta var ekki svo slæmt, meira að segja dálítið spennandi. En aðrir eru í þessu af lífi og sál út í gegn.

Ástæðurnar fyrir þátttöku eða ekki þátttöku eru eins margar og amatørar eru misjafnir. Hvað um það, þá getur keppnisþátt-taka á ýmsan hátt verið lýsandi um viðbúnað stöðva og starfrækjenda til alhliða fjarskipta. Og nú er SAC'-urinn á næsta leiti. Í fyrsta sinn erum við samhliða hinum norðurlanda-þjóðunum, Sýnum sjálfum okkur og öðrum að við erum virkir! (Reglurnar er að finna inni í blaðinu).

Framtíð Fréttabréfsins er í nokkurri óvissu. Núverandi ritstjóri tók aðeins að sér ritstjórn til bráðabirgða. Enn er ekki vitað hvort TF3KX sér sér fært að taka við ritstjórn að nýju. Auglýsingaöflun er tímafrek og hefur ekki verið nægjanleg að undanförunu til að standa undir kostnaði. Rætt hefur verið un að innritun Fréttabréfsins mundi spara póstkostnað og jafnframt rýmka þyngdarnörk.

Til að innritun geti einnig nýtt CQ TF þyrfti sameiginlegt nafn. Stjórn Í.R.A. hefur nú veitt ritstjóra heimild til að breyta nafni Fréttabréfsins í CQ TF og ef hann nýtir sér þá heimild, þá er sennilegt að þetta verði í síðasta sinn, sem Fréttabréfið kemur út undir því nafni. CQ TF getur eftir sem áður komið út við og við, í sínu fyrra formi.




Breyting á YAESU FRG-7 viðtæki

Nýr SSB filter settur í og tengdur við "Mode" skiptara.


Hér á eftir er lýst hvernig setja má nýja SSB síu í viðtækið og tengja hana við "Mode" skiptara. Eftir breytingu fer rétt sía sjálfkrafa í notkun þegar "Mode" skiptari er stilltur á AM eða SSB. Einnig er lýst hvernig nota má SSB síuna við nóttöku á AM, en þannig er hægt að minnka verulega truflanir frá nærliggjandi stöðvum og suðu, þó tóngæði minnki talsvert. Það getur þó verið til bóta stundum, sérstaklega ef stöð er veik.

1) AM sía tekin úr. Fyrst þarf að hreinsa allt tin af pinnunum fjórum og flípanum sem er á síuhúsinu. Ath. að flípann er beygður niður. Til að hreinsa tin þarf annað hvort tinsugu eða hreinsi-kveik. (Hreinsi-kveikur er koparflétta með lóðfeiti. Fæst e.t.v. hjá Heimilistækjum.) Ath. að 100 μ F elektrolytiskur þéttir er yfir flípanum, og þarf að losa hann frá öðrum megin neðan sían er tekin úr.


2) Síurnar tvær eru nú lóðaðar saman og tengt milli pinna eins og sýnt er á næstu mynd. Stífur vír (ca 1,5 mm² einþættur) er beygður og lóðaður við aðra hlið síanna. Tenging er sýnd með punktalinu. Þegar síurnar eru lóðaðar saman þarf að nota nægilega heitan lóðbolta, a.m.k. 25 wött. Ekki ofhita síurnar - það getur skemmt þær. Rétt er að nota lóðbolta með jarðtengdum spíss, því útleiðsla getur eyðilaggt viðkvæna rásarhluta.



3) Síunum er komið fyrir undir prentplötu og fest með því að lóða stífa vírinn í jörð á prentplötu nálægt skrifunni sem heldur prentplötunni og er næstum undir "Mode" skiptaranum. Síurnar eru nú öfugu megin við prentplötuna og snúa pinnunum að skiptaranum. Bil á milli sía og skiptara á að vera sem minnst, ekki meira en 20 mm.



4) Tengt er í ónotaðar snertur á "Mode" skiptara eins og sýnt er á næstu síðu. Áður en það er gert er rætt að átta sig vel á því hvernig tengt er inn á skiptarann og prófa hann með viðnámsmæli til að fullvissa sig um að allar snertur séu í lagi. Ath. að hafa allar leiðslur eins stuttar og kostur er og að þær liggi ekki samhliða. Gott er að nota svokallaðan "wire-wrap" vír ef hann er fyrir hendi því hann er með sterkri, þunnri einangrun. Gildleiki þarf ekki að vera meiri en 0,25 mm.



- 5) Stilla "Mode" á LSB og stilla kjarna í spólu T406 þannig að zero-beat sé rétt utan við kant á tíðnigangi síu og UM 10 db neðan við hámark skv. S-mæli. (Ath. sjá bls 13 í "Instruction Manual" til að finna T406 og TC404 á IF-AF-unit.)
- 6) Stilla "Mode" á USB og stilla trimmerþétti TC404 svo að zero-beat sé rétt utan við hinn kantinn.
- 7) Hlusta á USB (t.d. á 20 m) og á LSB (t.d. á 80 m) og staðfesta að BFO sé rétt stillt.
- 8) Þægilegt er að nota sterka og stöðuga AM stöð við stillingu á BFO.



- 9) Hér á undan var lýst hvernig tengt er svo að SSB sía sé í notkun við SSB/CW móttöku og AM sía við AM móttöku. Vilji maður hafa möguleika á að hlusta á AM með þröngri SSB síu, t.d. ef truflanir eru miklar, er hægt að tengja skiptara aðeins öðruvísi. Sjá mynd efst á þessari síðu: SSB sían er tengd inn á snertur A,C,D og F,H,K en AM sían aðeins inn á B og G. SSB sían er þá í notkun þegar "Mode" er stilltur á AM/ANL auk LSB og USB.

Almennt um breytinguna:

Ekkert hefur borið á óstöðugleika. Aðeins þarf að stilla BFO tíðnirnar fyrir USB og LSB.

Ef leiðslur eru of langar, eða of þétt saman er hætt á að sterkar stöðvar komst fram hjá síunum. Er þá rétt að reyna fyrst að færa þær í sundur. Eftir að SSB sía hefur verið sett í tækið er miklu auðveldara að stilla inn á SSB, þar sem merkið lendir sjálfkrafa réttum megin við BFO. Mikill munur er að sjálfsgöðu einnig á CW. Þessi breyting er tvímælalaust peninganna og fyrirhafnarinnar virði.

TF 3 OM

1. Inngangur: Keppnin er haldin með það fyrir augum að hvetja radió-amatöra í Skandinavíu og utan hennar til sambanda sín á milli og til þess að auka leikni þeirra í viðskiptum. Takmarkið er að stöðvar í Skandinavíu reyna að hafa sambönd við eins margar stöðvar utan Skandinavíu og mögulegt er. Eftirfarandi forskeyti teljast til Skandinavíu í keppninni: JW JX LA/LB/LG/LJ, OH/OG/OI OH0 OJ0, OX OY OZ, SM/SK/SL/SJ og TF.

2. Dagsetningar og keppnistímar: Keppnin er í tveim hlutum. CW: Laugardaginn 20. september kl. 15.00 GMT til sunnudagsins 21. september kl. 18.00 GMT. SSB: Laugardaginn 27. september kl. 15.00 GMT til sunnudagsins 28. september kl. 18.00 GMT.

3. Auðkenning á þátttöku: Stöðvar í Skandinavíu kalla "CQ TEST". Aðrir, "CQ SAC".

4. Tíðnisvið: Nota má 3.5, 7, 14, 21 og 28 MHz böndin, en einungis innan eftirfarandi tíðna, CW: 3525-3575, 7005-7040, 14010-14075, 21010-21125 og 28010-28125 KHz. SSB: 3600-3650, 7050-7100, 14150-14300, 21200-21350 og 28400-28700 KHz. (Stöðvar í "Region I & III" senda á tíðnunum 3790 & 7100 og ofar á 80 og 40 metrum).

5. Þátttökuflokkar: A) Einstaklingsþátttaka / einn sendir,
- á einu bandi
- á öllum böndum

Í einstaklingsflokki er einn keppandi sem hefur öll sambönd, færir í radió-dagbók og leitar á böndunum. Utanaðkomandi aðstoð er ekki leyfð.

B) Hóppátttaka / einn sendir,
- á öllum böndum

Eitt merki er leyft á einu bandi á hverjum tíma. Lámarksdvöl á nýju bandi, eftir fyrstu útsendingu, er 10 mínútur.

C) Hóppátttaka / fleiri en einn sendir,
- á öllum böndum

Engin takmörkun á fjölda senda. Eitt merki er leyft á hverju bandi á sama tíma.

6. Ákvæði er varða staðsetningu stöðvar og búnaðar: Allir sendar og viðtæki sem til-heyra stöð sem vinnur á einu kallmerki, þar með talin viðtæki til leitar á böndunum, skulu vera staðsett á svæði þar sem radíusinn er mest 160 metrar.

7. Skilaboð: Lágmarksskilaboðin eru samsett af RS(T) + QSO númeri. (QSO númer er hlaupandi tala sem byrjar á 001). Sambönd frá 999 verða 1000 o.s.frv. Stöðvar í þátttökuflokki "C" notast við nýjar tölur sem byrja á 001 á hverju bandi. Eitt samband er leyft við sömu stöð á CW og SSB á hverju bandi. Einungis CW-CW og SSB-SSB sambönd teljast gild.

8. Stigagjöf: Gild sambönd, þar sem RS(T) og QSO númer er rétt móttekið á báðum endum, eru grundvöllur fyrir stigagjöf. Sambönd

við Evrópu gefa 2 stig, við stöðvar utan Evrópu, 3 stig.

9. Margfaldarar Gild sambönd, þar sem lagmarksskilaboð eru rétt móttækin á báðum endum, er grundvöllur fyrir margfaldaragjöf. Hvert nýtt DXCC-land (Skandinavía er undanskilin) telst sem margfaldari á nýju bandi. Sé QSO númer ekki móttækið, telst sambandið vera margfaldari en gefur engin stig.

10. Endanlegur árangur: Samanlögð stig á öllum böndum eru margfölduð með samanlögðum fjölda margfaldara á öllum böndum.

11. Ákvæði er varða innfærslu í radíódagbók og frágang gagna: Radíódagbókum eða ljósritum af þeim ber að skila inn aðskildu fyrir CW og SSB. Dagbækurnar skulu fylltar út á eftirfarandi hátt: Fyrst er færð dagsetning, þá tími í GMT, stöðin sem haft er samband við, keppnisskilaboð, send og móttækin, band, margfaldarar og stigadálkar.

Upplýsinga- og útreikningssíða: Allir þátttakendur skulu skila inn upplýsinga- og útreikningssíðu, þar sem kallmerkis stöðvar er getið, þáttökuflokks, nafns (nafna) og heimilisfangs (-fanga). Sýna skal fjölda sambanda á bandi -ógild sambönd (ath. að samband reiknast ógilt sé aftur talað við sömu stöð á sama bandi eða sömu tegund útgeislunar), fjölda margfaldara á bandi, stig á bandi og endanlegan árangur.

Samanburðarlisti yfir margfaldara: Allir þátttakendur skulu senda inn samanburðarlista yfir margfaldara á hverju bandi enda séu höfð 200 sambönd eða fleiri.

Samanburðarlisti yfir sambönd sem eru höfð við sömu stöð oftar en einu sinni á sama bandi eða sömu tegund útgeislunar og teljast ógild: Merkt skal við hvert samband sem telst ógilt í radíódagbók og skrifað við það, "0" stig. Hverjum þátttakanda ber að skila inn samanburðarlista yfir sambönd sem teljast ógild enda séu höfð 200 sambönd á bandi a.m.k. Ógildum samböndum skal raða upp eftir DXCC-löndum og síðan eftir kallsvæðum innan þeirra, t.d. UA1, UA2, UA3 o.s.frv.

Skilafrestur: Frestur til að skila inn radíódagbókum og gögnun rennur út 15. október 1980 fyrir báða hluta keppinnar. Umslag skal í síðasta lagi vera póststimplað 15. október 1980.

Sendist til: Hr. Peter Arninge, SM0GMZ, SSA Contest Manager,
S-112 49 Stockholm
Igeldammgatan 18, Sverige.

12. Heiðursskjöl og veggskildir: Þær stöðvar sem beztum árangri ná í hverju landi í hverjum þáttökuflokki, á CW og SSB verða verðlaunaðar með heiðursskjali enda nái þær góðum árangri. Að öðru leyti fer veiting heiðursskjala eftir þátttöku. Þær stöðvar sem beztum árangri ná í Skandinavíu í hverjum þáttökuflokki, á CW og SSB verða verðlaunaðar með veggskildi.

13. Þátttaka dæmd ógild eða lækkun útreiknings á endanlegri útkomu: Þátttakendum ber að virða reglugerðir og reglur keppinnar. Verði stöð uppvis um óíþróttaamannslega framkomu á böndunum, eða það að reikna sér

stig fyrir ógild sambönd, kann þátttaka að verð dæmd ógild. Skili stöð inn radiódagbók þar sem ógild sambönd eru reiknuð með til stigagjafar, sem ná 1% miðað við heildarfjöldaða sambönda, verður þátttökustöð hiklaust dæmd úr leik. Keppnisstjórn refsar þátttökustöð fimmfalt, finni hún ógilt samband sem reiknað er með til stigagjafar.

14. Viðurkenning á keppnisreglum: Með því að skila inn radiódagbók og gögnum, lýsir þátttökustöð yfir því að hún hafi haldið reglur keppinnar og sættir sig við niðurstöður keppnisstjórnar. Endanlegum úrskurði keppnisstjórnar verður ekki breytt.

Frá Leif Ottesen, OZ1LO, keppnisstjóra EDR. (Þýtt af TF3JB).

DX-fréttir: JUAN DE NOVA. . . .FR0DZ/J. Starfræksla hefst 14/15 september og stendur yfir í um viku. Áherzla verður lögð á CW. QSL via DK9KD. VANUATU....YJ8NPS með QRP (20W) hefur verið virkur um hádegisbilið með DK9KE, sem tekur lista á hann og fleiri kyrrahafsstöðvar. Tíðnin er 21152/154 KHz +- QRM. QSL via Box 27, Port Villa, Vanuatu. Vatican City....HV1CN. Starfræksla hefst 11. september í 7 daga. OP's verða: DLIPM, DLIRK og I2XKF. Megináherzla verður lögð á CW. 80m SSB OA4YQ (01), 6/8IA (2), C31MK(23), OJ0MA (02), PY & LU (23) 40m CW OH2AP/OJ0 (01),PYIRO(23),UL7TBM (01),CX4CQ(01),UH8DC (01) 40m SSB CEICMQ (00),ZP5CCG (00),5N0RHK (00), ST2SA (00), CP6IM (01) 20m CW A7XGI (18, 600DX (19), 7X4AN (01), FO8FN (06), FM7AV (22) 20mSSBC21AM(13),600DX(19),VK9CCT/VK9Y(17),VK9ZG(21),FB8ZO (03) 15m CW HC8EE (19), 4S7MX (12). KH6IJ (06), TU4AW (10) 15m SSB YJ8NPS (12), TL8CR (03), 7P8BJ (18), FK8DH (12), T3AT (20) C31VE via F6BVB, FB8ZO via F6EYB, TU4AT via HB9BTQ, VK9CCT/ VK9Y via VK5QX, VK9ZG via VK30T, YJ80T via VK30T, ZKICF via ZL2AQF, AA6AA/3B8 via ZL1BIL.

DXCC-staðan:

TF3SV 285	TF3KG 130	TF3UA 56	TF5AKU 30
TF3YH 237	TF3US 128	TF3LJ 50	TF3RA 12
TF3CW 205	TF3035 126	TF5GW 50	TF3SZ 11
TF3DC 189	TF3IRA 119	TF3BS 48	TF3KC 8
TF3JB 173	TF3AC 115	TF3GCN 44	TF3CC 5
TF3SG 160	TF3HN 106	TF3SO 37	TF3ANN 1
TF3BB 140	TF3)033 70	TF3ALU 30	73 de TF3YH

Nýliðapróf verður haldið í húsakynnum Í.R.A. laugardaginn 11. október nk., kl. 14.00. Þeir sem áhuga hafa á því að gangast undir prófið vinsamlegast skrifi sig á lista sem hangir uppi í félagsheimilinu. Félagsmenn úti á landi geta sett sig í samband við einhvern stjórnannanna.

Hvað önnur próf varðar, þá eru þau háð þátttöku og eins og um var getið í síðasta Fréttabréfi liggja frammi listar til að kanna áhuga félagsmanna.

PÍRA hefur nýlega fengið sendingu af ferrit hringkjörnum frá Amidon. Hafið samband við Heimi Þór Sverrisson, TF3ANN.

Nýju íslenzku radiódagbækurnar eru enn fáanlegar hjá félaginu.

YAESU MUSEN
YAESU MUSEN
YAESU MUSEN
YAESU MUSEN
YAESU MUSEN
YAESU MUSEN
YAESU MUSEN
YAESU MUSEN
YAESU MUSEN
YAESU MUSEN
YAESU MUSEN
YAESU MUSEN

Þann 1. október 1980 flytur Hljóðtækni
starfsemi sína að Hörgshlíð 24, 105 Reykjavík,

Síminn er 22247 í hádeginu og á kvöldin.
Viðtalstímar eftir samkomulagi.
TF3JB.



PÍRA getur afgreitt eftirfarandi
með skömmum fyrirvara:
BD 139....prent fyrir ACCU-
keyer.... prent fyrir móttakar-
ann í nýliðabæklingnum
teiknuð af TF2KJ....AD9014
spennar..Smith kort..hverfi-
þéttar 2x170 pF...twin bead....
ferrit hringkjarnar frá Amidon:
FT-37-61....FT-37-43....FT-
5072....perlur: FB-43-101. FB-
43-2401....járndufts hringkjarn-
ar frá Amidon: T-37-6..T-30-2..
T-37-10..T-12-12..T-12-12..T-
30-6....T-94-6.... T-50-6....T-
68-2....T-30-6.... T-50-2....T-
68-6....T-94-2.... og T-94-6....
73 de TF3ANN.



FRÉTTABRÉF Í.R.A. Útg.: Íslenzkir radíóamatörar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Reykjavík.

-Aðsetur: Dugguvogur l.b, 104 Reykjavík.

Ritstj. og ábm.: Kristján Benediktsson, TF3KB, Barmahl. 55, 105 R.

Efni sendist til: TF3KB, pósthólf 1058, 121 Reykjavík.

-Í síðasta lagi 20. hvers mánaðar fyrir næstu útgáfu.

NYJUNG - NYJUNG - NYJUNG

Örtölva frá Ohio Scientific,
tegund Super Board II.

Mikið úrval af mælitækjum og
tengibrettum frá C.S.C.

HRINGDU - KOMDU - SKOÐAÐU
NYR VERÐLISTI



GRETTUGATA 48 PÓSTMÓLF 7150 107 REYKJAVÍK

SÍMI 91-31366 TAPNÚM 7472-8014



TRIO-KENWOOD

leiðandi vörumerki í,
FJARSKIPTATÆKJUM
MÆLITÆKJUM
og Hi-Fi

FÁLKINN'